# *Nr. 116 / 09 Auður Vélstein GK 88*

## *Fær í skrúfuna og dregin til hafnar*

*Skipaskr.nr.* 2708
*Smíðaður:* Hafnarfirði 2006, plast
*Stærð:* 11,6 brl. 14,8 bt.
*Mesta lengd:* 12,45 m *Skráð lengd:* 11,34 m
*Breidd:* 3,71 m *Dýpt:* 1,41 m
*Vél:* Volvo Penta 244 kW 2006
*Fjöldi skipverja:* 4




Auður Vésteins©Hafþór Hreiðarsson

***Gögn:***
*Lögregluskýrsla*
*Gögn RNS*

*Málið afgreitt á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.*

## *Atvikalýsing:*

Þann 25. september 2009 var Auður Vésteins GK 88 á línuveiðum á Norðfjarðarflóa. Veður: V 13–18 m/sek.

Þegar verið var að draga línuna kom upp með henni troll eða snurvoðastykki og lenti það í skrúfunni með afleiðingum að vélin stöðvaðist. Bátsverjar óskuðu eftir aðstoð nærstadds báts og settu út akkeri en það hélt ekki fyrr en skammt var eftir í fjöruna á Barðsnesi. Daðey GK dró Auði Vésteins GK til Neskaupsstaðar.

## *Við rannsókn kom fram:*

- að skipstjóri kvaðst hafa þurft að keyra upp í vindinn sem lagði út fjörðinn þegar línan var dregin og þess vegna hafi netastykkið leitað aftur með bátnum.

## *Nefndarálit:*

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.